

Fimmtudaginn 15. desember 1983.

Nr. 228/1983. **Ákærvaldið**

gegn

Kristjáni Erni Kristjánssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3 tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 11. þ. m., sem barst Hæstarétti 12. s. m. Hann krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur verulega.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 10. desember 1983.

Ár 1983, laugardaginn 10. desember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Þann 17. okt. sl., kl. 0420, höfðu tollverðir á Grandagarði við Reykjavíkurhöfn afskipti af Sæmundi Auðunssyni, fæddum 7. febrúar 1954, skipverja á b/v Karlsefni, RE 24. Sæmundur þessi var að koma frá borði úr siglingu frá Cuxhaven í Vestu-Þýskalandi og reyndist hafa í sínum fótum liðlega 11.3 kg af ætluðum hassefnum.

Nefndan dag og þann næsta voru yfirheyrðir hjá lögreglu 15 skipverjar af ofangreindum togara, án þess að séð verði, að varpað hafi ljósi á mál þetta.

Sæmundur Auðunsson var hér við embætti þann 17. okt. úrskurðaður í allt að 30 daga gæsluvarðhald og sat í því til 16. nóv. sl.

Fyrir uppkvaðningu úrskurðar lýsti nefndur Sæmundur hér fyrir dómi að hafa í Cuxhaven af sér kunnum, en ónefndum, sölumanni þýskum keypt liðlega 11.8 kg af svonefndu Libanonhassi og greitt fyrir 47.500 þýsk mörk að jafnvirði nálægt 475.000 ísl. kr. Kvaðst Sæmundur hafa af eigin fé lagt til kaupa 170.000 ísl. kr. og fyrir það átt að fá í sinn hlut nálægt 3.0 kg.

Einnig taldi margnefndur Sæmundur sig í sinn hlut hafa fengið 2.5 kg. gegn gjaldfresti, en 10 — 12 aðiljar hérlendir hafi lagt fram liðlega 300.000 ísl. kr. og því átt afgang efna, en mismikinn hlut hver og að frádregnum 10% efnishlut Sæmundar sem flutningsþóknun. Við ítarlega lögregluþyrirheyrslu 18. okt. sl. endurtók Sæmundur Auðunsson efnislega þennan framburð, en bætti við ýmsum skýringum. Þann 20. október hélt Sæmundur Auðunsson í lögregluþyrirheyrslu við ofangreint, en jók við framburð um meinta fjármögnun sína til efniskaupa ytra.

Í lögregluþyrirheyrslu 26. okt. sl. lýsti Sæmundur Auðunsson rangar sínar fyrri skýringar á efnisútvegum og skiptingu, en bar um meint samskipti við Kristján Örn Kristjánsson, fæddan 11. desember 1952, eftirfarandi:

1. Að hafa eftir ráðagerðir og undirbúning þann 12. sept. sl. í Cuxhaven frá Kristjáni Erni mótttekið 2.3 kg af hassefnum í útleigubifreið að viðstaddri Ólöfu Ástu Þorsteinsdóttur, sambýliskonu Kristjáns, en óvíst, að sú síðastnefnda hafi í raun gert sér grein fyrir þessari afhendingu.

Sæmundur Auðunsson kvaðst hafa komið með umrætt efnismagn hingað til lands 16. sept. sl. og afhent það næsta dag Kristjáni Erni að undanskildum þó 170 gr.

2. Að hafa eftir fyrirfram gerðu samkomulagi og í útleigubifreið skammt utan við Cuxhaven þann 12. okt. sl. frá Kristjáni Erni mótttekið um 11.3 kg af hassefnum og síðar flutt hingað til lands.

Að sögn Sæmundar átti hann af þessu efnismagni 2.6 kg auk ráðgerðra allt að 15% af mismun sem flutningsþóknun.

Margnefndur Sæmundur hélt að meginstefnu við þennan framburð í lögregluþyrirheyrslum 2., 16., 22. og 25. nóv., en jók við ýmsu um meinta atburðarás.

Kristján Örn Kristjánsson var handtekinn vegna þessa 27. okt. sl. og sama dag gerð leit í vistarverum hans að Bankastræti 6 hér í borg. Hann var enn sama dag úrskurðaður í gæsluvarðhald hér við embætti, en afmarkaði tími rennur út á morgun. Kristján Örn lýsti hér fyrir dómi margnefndan handtökudag fimm utanferðum sínum á þessu ári, oftast í viðskiptaerindum, en einnig „til að kynna löndum og þjóðum.“ Ekki komu fram neinar skýringar á eðli meintra viðskipta né tekjuöflun eða fjármálum Kristjáns Arnar.

Hann kvaðst saklaus af hvers konar tengslum við það magn fikniefna, er fannst við komu togarans Karlsefnis hingað til lands þann 17. okt. sl.

Gögnum samkvæmt hefur Kristján Örn verið yfirheyrður í einangrunarvist eða tilraunir til slíks gerðar sem hér segir:

Hjá lögreglu 1) 27. okt. sl. 2) 1. nóv. sl. 3) 7. nóv. sl. 4) 9. nóv. sl. 5) 21. nóv. sl. 6) 6. des. sl. 7) 7. des. sl. 8) Hér fyrir dómi 9. des.

Að því er efnislega framburði varðar virðist Kristján Örn einkum hafa verið að ræða og svara spurningum varðandi tvær utanferðir, sem að hans sögn og öðrum gögnum samkvæmt stóðu yfir 10. — 18. sept. sl. og 8. — 15. okt. sl.

Kristján Örn hefur haldið fast við að hafa farið einn síns liðs í báðar þessar ferðir, en í hvorugri átt viðdvöl í Cuxhaven.

Áðurnefnd Ólöf Ásta Þorsteinsdóttir hefur verið yfirheyrð hjá lögreglu tvívegis þann 27. okt. sl., einu sinni þann 28. okt. sl., tvívegis þann 24. nóv. sl. og einu sinni þann 9. des. sl.

Hefur Ólöf Ásta þar ítrekað kannast við að hafa verið með Kristjáni Erni í utanferðinni 10. — 18. sept. og þau í Cuxhaven hitt Sæmund Auðunsson og þar reykt með honum hassefni.

Rúnar Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður hefur öðrum fremur yfirheyrt margnefndan Kristján Örn Kristjánsson.

Í skýrslu 28. nóv. sl. kveðst nefndur Rúnar þrívegis hafa rætt einslega við Kristján án formlegrar skýrslutöku, en sá síðarnefndi þá ítrekað viðurkennt sína aðild að svonefndu Karlsefnismáli. Nefndur Rúnar staðfesti í gær ofangreint hér fyrir dómi.

Þessi atriði voru þá einnig fyrir dómi kynnt Kristjáni Erni. Kvaðst hann hvorki vilja játa né neita sannleiksgildi yfirlýsinga nefnds lögreglumanns.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974 og Kristján Örn Kristjánsson í því sambandi borinn stórfelldum sökum. Gæti slíkt, ef sannað teldist, varðað Kristján Örn Kristjánsson fangelsisrefsingu.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki því til fyrirstöðu, að hér verði beitt gæsluvarðhaldi.

Ráðið verður af gögnum, að lögreglurannsókn sækist seint, en jafnframt að hún sé nú á mjög viðkvæmu stigi.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt í þágu rannsóknar máls þessa að verða við framkominni kröfu lögreglu yfirvalda og framlengja áður ákvarðaða gæsluvarðhaldsvist Kristjáns Arnar Kristjánssonar frá 10. desember 1983, kl. 1800 að telja, til jafnlengdar þann 10. janúar 1984.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Framlengd er áður ákvörðuð gæsluvarðhaldsvist Kristjáns Arnar Kristjánssonar, fædds 11. desember 1952, til heimilis að Bankastræti 6, Reykjavík, frá 10. desember 1983, kl. 1800 að telja, til jafnlengdar þann 10. janúar 1984.

Föstudaginn 16. desember 1983.

Nr. 169/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Birgi Björnssyni

(Örn Clausen hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 27. júlí sl. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Fallið hefur verið frá tilvitnun í ákæruskjali til áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 28. október sl.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um sakarmat, og verður ákærða refsað samkvæmt þeim ákvæðum umferðarlaga, sem þar greinir. Refsing ákærða verður ákveðin 8.000.00 króna sekt, er greiðist innan 4 vikna frá birtingu þessa dóms. Vararefsing skal vera 10 daga varðhald. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað í héraði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns. 7.000.00 krónur.